

- 100% gaumljósaperur.  
 Einangrunarband  
 Viðeigandi öryggjavír fyrir opin öryggi  
 1 sett rafhlöður og 2 perur fyrir vasaljós  
 5 lítrar eimað vatn.
- 13.7 Skip af 4. flokki skulu búin eftirgreindum verkfærum og varahlutum:
- 13.8 Verkfæri skulu vera þau sömu og fyrir skip í 3. flokki að undanskildum voltmæli.
- 13.9. Varahlutir.  
 1 sett varakolburstar fyrir hverja vél tilheyrandi talstöðinni.  
 2 öryggi fyrir hvert eitt, sem er í notkun  
 Varalofnet samkvæmt gr. 9.12.  
 Vasaljós með vararafhlöðu og peru.
- 13.10. Skip af 5. og 6. flokki skulu búin eftirgreindum verkfærum og varahlutum:  
 1 flatkjafra  
 1 skrúfjárn  
 1 skiptilykill  
 1 sýrumælir

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt lögum um eftirlit með skipum, nr. 52 12. maí 1970, staðfestast hér með til að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt falla úr gildi reglur nr. 52 12. mars 1965, um breytingu á reglum nr. 11 20. janúar 1953.

*Samgönguráðuneytið, 15. október 1979.*

**Ragnar Arnalds.**

*Kristinn Gunnarsson.*

## REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um skoðanir, viðhald og viðgerðir loftfara  
 nr. 443 28. desember 1976.

### 1. gr.

1. gr. orðist þannig:

#### Orðaskýringar.

**Gangtími** (time in service): Hér er átt við þann hluta flugtíma sem líður frá þeirri stundu að loftfar lyftist frá yfirborði jarðar þar til það snertir hana aftur á næsta landingarstað.

**Lítið loftfar** (small aircraft): Loftfar sem hefur mestan leyfilegan flugtaksþunga 5700 kg eða minni.

**Loftfar** (aircraft): Sérhvert það tæki sem haldist getur á flugi vegna verkana loftsins, annarra en loftpúðaáhrif við yfirborð jarðar.

**Stórt loftfar** (large aircraft): Loftfar sem hefur leyfilegan flugtaksþunga meiri en 5700 kg.

## 2. gr.

3. gr. orðist þannig:

## Skoðanir.

## 3.1. Stór loftför og önnur loftför sem notuð eru til flugrekstrar í atvinnuskyni.

Eigandi/umráðandi loftfars skal semja skoðanaáætlun fyrir sérhvert loftfar, sem hann rekur, og leggja fyrir flugmálastjórn til samþykktar. Telst loftfar ekki lofthæft nema fylgt sé samþykktri skoðanaáætlun.

## 3.2. Lítil loftför sem ekki eru notuð til flugrekstrar í atvinnuskyni.

Skoðanir skulu gerðar í samræmi við fyrirmæli skoðunarhandbókar, þó ekki sjaldnar en á 50 og 100 gangtíma fresti (50 og 100 klst. skoðanir) eða samkvæmt öðrum reglum sem flugmálastjórn hefur samþykkt.

Minnst eina 100 klst. skoðun skal gera því sem næst árlega til endurnýjunar lofthæfisskirteinis (ársskoðun) undir eftirliti fulltrúa flugmálastjórnar.

## 3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt III. kafla, sbr. 186, og 188. gr. laga nr. 34 21. maí 1964 um loftferðir og gildir um íslensk loftför hvar sem þau eru stödd, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað.

*Samgönguráðuneytið, 18. október 1979.*

**Magnús H. Magnússon.**

*Birgir Guðjónsson.*

## AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á freðfiski fyrir framleiðslutímabilið 1. október til 31. desember 1979.

Með tilvísun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á freðfiski fyrir framleiðslutímabilið 1. október til 31. desember 1979:

## Þorskur:

U. S. cent pr. lbs. cif.

4x14 m/r 5—8 oz. ....	109.26
4x14 m/r 8—12 oz. ....	110.87
4x14 m/r 12—16 oz. ....	112.47
4x14 m/r 1—3 lbs. ....	114.08
4x14 m/r 8—12 oz (S. Í. S.) ....	114.08
4x14 r/l 8—12 oz. ....	122.11
4x14 r/l 12—16 oz. ....	125.33
4x14 r/l 1—3 lbs. ....	130.15
10x5 og 3x18 ....	141.00
5x8 ....	159.00
5x10 og 6x10 ....	145.50
4x10 ....	145.50
4x12 ....	141.00
4x13 ....	141.00